

## Svar

### innviðaráðherra við fyrirspurn frá Birni Leví Gunnarssyni um fjölda íbúa í íbúðum.

1. *Í hversu mörgum íbúðum á enginn sér skráð lögheimili, í hversu mörgum íbúðum á einn sér skráð lögheimili, í hversu mörgum íbúðum eiga tveir sér skráð lögheimili, og svo framvegis?*

Fjöldi húseigna sem ekki hafa skráða íbúa er samtals 4.011 eða um 5,5% af öllum húseignum landsins. Ekki er hægt að taka út tölur niður á íbúðanúmer þar sem ekki eru allir íbúar fjölbýlishúsa skráðir niður á íbúðanúmer og því ekki hægt að segja til um fjölda einstaklinga í hverri íbúð eins og staðan er í dag.

2. *Hversu margir eiga sér ekki skráð lögheimili neins staðar?*

Alls eru 3.745 einstaklingar sem eru ekki skráðir á lögheimili, þ.e. með ótilgreint lögheimili.

3. *Stemmir fjöldi þeirra sem eiga sér skráð lögheimili við fjölda íbúa á Íslandi? Ef svo er ekki, hverju munar?*

Þessar tölur stemma við skráningu í þjóðskrá um fjölda íbúa og lögheimila.